

Markmið verkefnis: Að auka á ásynd kvenna í fjölmiðlum

Tímabilið 2013-2017, stendur FKA að sérstöku verkefni sem kallar á aukna ásynd kvenna í fjölmiðlum. Fyrirmyndin er Stjórnarverkefnið sem félagið fylgdi eftir á árunum 2009-2013, þar sem aðkoma FKA hafði veruleg áhrif á umræðuna um kynjahlutföll í stjórnnum fyrirtækja.

Tilgangur verkefnisins: Auka á fjölbreytni í fjölmiðlum.

Vekja sem flesta til jákvæðrar vitundar um að konur búa yfir heilmikilli þekkingu og reynslu sem hægt er að nýta í fréttá- og þjóðfélagsumræðu. Með fjölbreytni í viðmælendahópi eru fjölmiðlar líklegri til að endurspeglar samfélagið.

Yfirlit viðburða og verkefna:

- **Vor 2013:** Samstarf við **Markaðinn hjá Fréttablaðinu hófst** í formi reglulegra pistlaskrifa FKA kvenna
- **Haust 2013:** Fundur með ritstjórum og fréttastjórum helstu fjölmiðla á landinu. Á þeim fundi voru fyrstu niðurstöður fjölmiðlamælingar Creditinfo kynntar.
- **Byrjun árs 2014:** Lokaður fundur undir yfirskriftinni „Sterkar konur í fjölmiðlum.“ Hreinskiptið samtal við nokkrar þekktar konur sem hafa verið mikið í íslenskum fjölmiðlum til margra ára.
- **Vor 2014:** Námskeiðið „Öll trixín í bókin,“ þjálfun fyrir FKA konur í fjölmiðlaframkomu og samskiptum við fjölmiðla
- **Vor 2014:** Ingibjörg Þórðardóttir, þáverandi ritstjóri BBC og núverandi stjórnandi CNN boðið til landsins og með henni var staðið fyrir fundum með FKA konum annars vegar en fjölmiðlakonum hins vegar. Í þessari heimsókn kynnti Ingibjörg þjálfunarprógram BBC (kvenkyns sérfræðingar þjálfaðir sérstaklega fyrir fjölmiðla) og deildi annarri reynslu sinni með FKA konum.
- **Haust 2014:** Samtal við stærstu ljósvakamiðlana um sameiginlegt málþing sem og jafnara hlutfall kvenna og karla á fréttastofum og í dagskrárgerð
- **Vor 2015:** FKA hélt úti vikulegum viðskiptaþætti á Hringbraut í umsjón Huldu Bjarnadóttur. Markmið þáttanna var m.a. að athuga hvort konur væru ólíklegri til að vilja mæta í viðtöl. Svo reyndist ekki vera og var kynjahlutfall viðmælenda því um 50:50.
- **Vor 2015:** Námskeiðið: „Samfélagsmiðlarnir og að koma sér á framfæri í fjölmiðlum,“ þjálfun fyrir FKA konur í fjölmiðlaframkomu og samskiptum við fjölmiðla.
- **Haust 2015:** Kynningarfundur fyrir Allsherjarnefnd þar sem FKA kynnir fjölmiðlaverkefnið fyrir þingmönnum og benti meðal annars á sambærilegt verkefni bresku lávarðadeildarinnar
- **Haust 2015:** Erindi á Jafnréttisþingi Velferðarráðuneytisins
- **Haust 2015** Heimsókn til 365 (árið 2012 til RUV)
- **Árslok 2015/ársbyrjun 2016:** Fundir með formönnum stjórnmalaflokka þar sem verkefnið var kynnt og rætt um mikilvægi þess að stjórnmalaflokkarnir leggðu líka áherslu á að auka á ásynd sinna kvenna í fjölmiðlum.
- **Haust 2016:** Málþingið „Spegill, spegill herm þú mér...“ og fjölmiðlar hvattir til að taka þátt með því að „snúa kynjahlutföllunum á hvolf“ þennan dag (80:20). Markmiðið er að 20.september verði alþjóðlegur „Womens media day“ og Ísland standi þar fyrir fyrsta deginum.

Nafnalisti kvenna fyrir fjölmiðla: 500 konur nú þegar á skrá

Á vefsíðu FKA má finna um 500 nöfn kvenna sem hafa skráð sig á sérstakan fjölmiðlalista. Þessar konur búa yfir heilmikilli þekkingu á mismunandi sviðum og hafa samþykkt að segja „Já,“ við fjölmiðla óski þeir eftir viðtöl.

Fjölmiðlaráð FKA veitir nánari upplýsingar um verkefnið:

Rakel Sveinsdóttir verkefnastjóri, Þórdís Lóa Þórhallsdóttir formaður FKA, Hulda Bjarnadóttir, Hrafnhildur Hafsteinsdóttir, Anna Þóra Ísfold, María Maríusardóttir, Brynja Baldursdóttir, Helga Margrét Reykdal, Hulda Dóra Styrmsdóttir.